

Slanga fjarlægð úr nýra

Mæting er á göngudeild þvagfæra 11A, á fyrstu hæð Landspítala við Hringbraut.

Hjúkrunarfræðingur fjarlægir slöngu sem liggur inn í nýra (nephrostomy). Vatnsheldar umbúðir eru settar yfir opið sem lokast á um einum sólarhring.

Eftir að slanga hefur verið fjarlægð

- Fjarlægja má umbúðir eftir einn sólarhring.
- Óhætt er að fara í sturtu, en ekki má fara í bað eða sund í eina viku frá því að slanga er fjarlægð vegna hættu á sýkingu.
- Forðast á að lyfta þungum hlutum (5 kg eða þyngrri) fyrsta sólarhringinn eftir að slangan er fjarlægð og að stunda íþróttir eða líkamlega áreynslu fyrstu tvo sólarhringana.
- Ef verkir eru til staðar má taka verkjalyf sem fást án lyfseðils í apóteki, samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfsins.
- Mælt er með að drekka vel af vökva eða um 1,5 lítra á sólarhring.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir komu á göngudeild. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða bráðamóttöku ef:

- Líkamshiti er hærra en 38,5°C eða skjálfti gerir vart við sig.
- Viðvarandi verkur er í baki eða síðu.
- Þvagútskilnaður minnkar.
- Blóð er í þvagi.
- Þvag er gruggugt eða illa lyktandi.
- Roði og hiti er við opið.

Símanúmer

Göngudeild 11A er opin virka daga kl. 8-16, sími: 543 7100.

Után þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.